

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Hafnarbraut 9, 13 og 15 og Bakkabraut 6, 8 og 10.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðunum nr. 9, 13 og 15 við Hafnarbraut og lóðunum nr. 6, 8 og 10 við Bakkabraut breytist úr hafnarsvæði í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og athafnasvæðis.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007